

Mál nr. 238/2007

M og

Vátryggingarfélagið (V) vegna ábyrgðartryggingar A

Maður datt af vinnupalli þ.12.1.2007 .

Gögn.

1. Málskot mótttekið þ. 18.12.2007 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V dags. 4.1.2008.

Málsatvik.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins segir að M hafi verið að draga vatnstunnu út af svölum húss yfir á vinnupall við enda svalanna. M gekk aftur fyrir sig og virðist ekki hafa varast að tengibrú á milli svala og pallgólfs var mun mjórri en pallgólfið en þetta varð til þess að M steig út af svölunum til hliðar við tengibrúna og fell til jarðar rúma 3 metra. Vakin er athygli á því að engar fallvarnir voru við svalir eða tengibrú og segir í skýrslu Vinnueftirlitsins að orsök slyssins megi rekja til ófullnægjandi fallvarna. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V samþykkir að greiða 2/3 tjóns M en telur að M eigi að bera 1/3 tjónsins vegna eigin sakar og vísar í því sambandi til að M sé lærður múarameistari með langan starfsaldur að baki og mikla starfsreynslu við aðstæður sem þær sem um ræðir í þessu tilviki. M krefst þess að honum verið greiddar fullar bætur og hafnar því að um eigin sök sína sé að ræða. Í því sambandi er á það bent af hálfu lögmanns M að óumdeilt sé að vinnupallur sá sem um ræðir hafi verið vanbúinn og það sé alfarið á ábyrgði A að hafa tekið handrið niður af vinnupallinum. Af hálfu M er því haldið fram að hann hafi matt treysta því að umbúnaður á vinnupallinum væri annar en hann var og sá sami og áður hafði verið. V bendir á að M hafi unnið við frágang innanhúss og M hafi borið að kynna sér umræddan vinnupall áður en hann notaði hann og beri hann því þá eigin sök sem að áður greinir.

Álit.

M vann við nýbyggingu og hefur mikla reynslu af slíku sem múarameistari. M bar að gæta fyllstu varkárni þegar hann gekk út á vinnupallinn sem um ræðir og gat ekki gefið sér það fyrirfram að vinnupallurinn væri í ákveðnu ástandi eða sama og hann hafði verið löngu áður. M sýndi ekki nægjanlega varkárni í umrætt sinn og ber hann því nokkra sök á slysinu. Ljóst er að vinnupallinum sem um ræðir var óbótavant og er það meginorsök slyssins. Miðað við aðstæður þykir rétt að M beri tjón sitt að 1/3 en V bæti honum tjónið að 2/3 hlutum.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V en ber 1/3 hluta tjóns síns sjálfur vegna eigin sakar.

Reykjavík 29.1. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.